

Eftirfylgni: *Stuðningur við atvinnu- og byggðapróun*

Niðurstaða

Ríkisendurskoðun telur að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti hafi brugðist með fullnægjandi hætti við þeim fjórum ítrekuðu ábendingum sem stofnunin beindi til þess árið 2013 og lúta að stuðningi ríkisins við atvinnu- og byggðapróun. Þetta kom m.a. til framkvæmda með lögum nr. 69/2015 um byggðaaætlun og sóknaráætlanir. Markmið þeirra er að efla byggðapróun og auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga. Jafnframt fá sveitarstjórnir aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar. Þá skal ráðherra byggðamála leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til sjö ára í senn.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar 2010

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar [Stuðningur við atvinnu- og byggðapróun](#) (desember 2010) benti Ríkisendurskoðun á að flókið stuðningskerfi atvinnulífsins og ófullnægjandi skráning fjárhagsupplýsinga í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins torvelaði yfirsýn um fjárveitingar til málaflokksins. Þá væri samvinna iðnaðarráðuneytis, Byggðastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og atvinnuþróunarfélaganna ónóg og verkaskipting óljós. Stuðningskerfið hefði þróast án nægilega skýrrar stefnumörkunar og stuðningsaðgerðir ríkisins dreifst handahófskennt og einkennst af verkefnabundnum framlögum sem jafnvel væru í andstöðu hvert við annað og þá starfsemi sem fyrir væri. Ennfremur hefði Byggðastofnun ekki reynst það stjórnæki sem lagt hefði verið upp með.

Vegna framangreindra annmarka beindi Ríkisendurskoðun fimm ábendingum til iðnaðarráðuneytis (nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti) árið 2010 og einni til forsætisráðuneytis.

Ábendingar 2013

Í [Skýrslu um eftirfylgni: Stuðningur við atvinnu- og byggðapróun](#) (október 2013) ítrekaði Ríkisendurskoðun fjórar ábendingar sínar til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis úr fyrri skýrslu. Ekki var talin ástæða til að ítreka eina ábendingu til þess ráðuneytis eða ábendingu til forsætisráðuneytis.

Fyrsta ábendingin til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis laut að þörf á að endurskoða stefnumótun. Þar þyrftu markmið

að vera skýr og taka mið af raunverulegum aðstæðum í atvinnu- og byggðamálum á hverjum tíma. Einnig þyrfti að forgangsraða aðgerðum, áætla kostnað við þær og skilgreina árangursmælikvarða. Þá þyrfti ráðuneytið að ábyrgjast að stefnan samrýmdist öðrum áherslum stjórnvalda í atvinnu- og byggðamálum og hafa frumkvæði að samstarfi þeirra aðila sem hlut ættu að máli. Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2013 kom fram að drög að atvinnustefnu lægju fyrir og væru til yfirferðar hjá ráðuneytum og hagsmunaaðilum. Byggðastofnun ynni að drögum að byggðaaætlun fyrir tímabilið 2014–17. Gert væri ráð fyrir að báðar þessar stefnumarkandi áætlanir yrðu tilbúnar í byrjun árs 2014 og lagðar fyrir Alþingi á vorþingi sama ár.

Önnur ábendingin laut að þörf á að bæta skipulag og efla eftirlit. Ríkisendurskoðun benti á að tryggja þyrfti heildarsýn um þá aðila sem styddu við atvinnu- og byggðapróun í umboði ráðuneytisins og stuðla að samvinnu þeirra. Endurskoða þyrfti stuðningskerfið frá grunni, einfalda það og efla eftirlit með aðilum kerfisins og árangri styrkveitinga. Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2013 tók það undir athugasemdir og benti á að einföldun stuðningsumhverfis atvinnulífsins væri hafin. Talsvert hefði áunnist, m.a. með sameiningu landshlutabundinna stuðningsaðgerða á forræði sveitarfélaga.

Í þriðja lagi benti Ríkisendurskoðun á að gera þyrfti kostnaðar- og ábatagreiningu vegna stuðnings við atvinnu- og byggðapróun til að meta mætti árangur. Í viðbrögðum sínum árið 2013 benti ráðuneytið á að það hefði m.a. unnið að því að setja árangursmælikvarða inn í verkefnasamninga sína. Þá yrði árangur af vaxtarsamningum metinn út frá fyrirfram gefnum mælikvörðum sem skilgreindir væru í samningum.

Í fjórða lagi benti Ríkisendurskoðun á að ákveða þyrfti hlutverk og framtíð Byggðastofnunar og aðkomu hennar að stuðningi við atvinnu- og byggðapróun. Til að koma í veg fyrir óþarfa skörun verkefna teldi Ríkisendurskoðun eðlilegast að flytja þennan þátt í starfsemi Byggðastofnunar til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og Hagstofu Íslands. Í viðbrögðum ráðuneytisins árið 2013 kom fram að aðkoma Byggðastofnunar að stuðningi við atvinnu- og byggða-

Þróun hefði um nokkurt skeið verið til skoðunar hjá ráðuneytinu en engar ákvarðanir verið teknar um framtíðarhlutverk hennar.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2016

Þann 30. júní 2015 voru lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir nr. 69/2015 samþykkt. Í svari sínu árið 2016 við ábendingum Ríkisendurskoðunar vísaði ráðuneytið til laganna og markmiða þeirra að efla byggðapróun og auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnarsýslustiga. Jafnframt yrði leitast við að færa sveitarstjórnnum aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar. Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir einnig að með samningum um sóknaráætlanir landshluta skuldbindi landshlutasamtökin sig til að vinna sóknaráætlun landshluta fyrir árin 2015–19.

Samningar við öll landshlutasamtök sveitarfélaga fyrir árin 2015–19 voru undirritaðir í febrúar 2015. Með þeim eru þrjár farvegir fjárframlaga sameinaðir í einn, þ.e. framlög til sóknaráætlana, vaxtarsamningar og menningarsamningar. Landshlutunum ber fyrir 15. febrúar ár hvert að skila inn greinargerðum um framgang eigin sóknaráætlunar í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál, sem skipaður er fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tekur í kjölfarið saman heildaryfirlit um greinargerðirnar og gerir ráðherra byggðamála grein fyrir framgangi sóknaráætlana og leggur mat á árangur þeirra.

Með samþykkt laganna er búið að lögfesta verklag um samráð og samstarf á sviði byggðapróunar. Stýrihópur Stjórnarráðsins er einnig lögfestur. Hlutverk hans er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í byggðamálum, tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í málaflokknum og sinna í samvinnu við Byggðastofnun mati á framvindu sóknaráætlana landshluta og eftirliti með fjárreiðum þeirra. Stýrihópurinn fundar mánaðarlega. Þá ber ráðherra, samkvæmt lögunum, að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun til sjö ára í senn (núverandi byggðaaætlun gildir til ársins 2017). Hún skal unnin í umboði ráðherra af Byggðastofnun í samvinnu við framangreindan stýrihóp Stjórnarráðsins.

Í lögunum eru sóknaráætlanir landshluta einnig lögfestar og innihald þeirra skilgreint. Í þeim eiga að koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Þar skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaaætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og eftir atvikum annarri opinberri stefnumótun.

Þá kemur fram í svari ráðuneytisins árið 2016 að með nýjum lögum (69/2015) hafi hlutverk og aðkoma Byggðastofnunar við atvinnu- og byggðapróun verið skýrð verulega og hafi Alþingi samþykkt hlutverk stofnunarinnar.

Með lögum nr. 69/2015 voru fest í sessi einfaldari og skilvirkari samskipti Stjórnarráðsins og landshlutasamtakanna átta sem ýtt var úr vör árið 2013 með samningum um sóknaráætlanir landshluta. Að auki hafa þrjár verkefnasamningar verið sameinaðir í einn og umsjónar- og eftirlitshlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál verið skilgreint.

Með tilliti til framangreindra atriða telur Ríkisendurskoðun að brugðist hafi verið við ábendingum hennar með fullnægjandi hætti.

Um úttektina

Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnarsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir anmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fékk drög að þessari eftirfylgniskýrslu til umsagnar og þakkar stofnunin því fyrir aðstoð og upplýsingar við gerð hennar.